



Reykjavík, 27. mars 2025  
MSS24100155

Borgarráð

**Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um endurgreiðslu vegna systkinaafsláttar á skólamáltíðum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2025 var lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. desember 2024, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um endurgreiðslu vegna systkinaafsláttar á skólamáltíðum, sbr. 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 17. október 2024.

Það upplýsist hér með að endurgreiðsla hefur farið fram.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Svar við fyrirspurn, dags. 20. desember 2024



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð  
**Sendandi:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 20. desember 2024  
MSS24100155

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um endurgreiðslu vegna systkinaafsláttar á skólamáltíðum**

Á fundi borgarráðs, 17. október 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Nýlega féll úrskurður mennta-og barnmálaráðuneytisins í máli nr. MRN23110405 þar sem ákvörðun Reykjavíkurborgar um að veita foreldrum ekki systkinaafslátt af gjöldum skólamáltíða var kærð. Í úrskurðarorðum kom fram að það er niðurstaða ráðuneytisins að ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 6. janúar 2023 um að synja beiðni kæranda um systkinaafslátt á þeim forsendum að reglur sveitarfélagsins gerðu ráð fyrir því að réttur til systkinaafsláttar væri bundinn við að systkini væru með sama lögheimili hafi ekki samrýmst jafnræðis- og réttmætisreglu stjórnsluréttar. Gerð hefur verið sú krafa að Reykjavíkurborg endurgreiði aðilum þann afslátt sem þau hefðu annars notið í samræmi við aðra íbúa Reykjavíkur sem eru foreldrar og eiga þrjú börn sem ganga í grunnskóla í borginni, frá maí 2022. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort endurgreiðsla hafi farið fram og ef ekki, hvenær standi til að hún fari fram.*

**Svar:**  
Endurgreiðsla vegna málsins hefur farið fram.